

Reykjavík, 12. Ágúst 2011

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja
Iðavöllum 12
230 Reykjanesbæ

Magnús Guðjónsson, framkvæmdastjóri
Ríkharður F. Friðriksson, Umhverfiseftirlit

Efni: Beiðni um samþykki á fyrirkomulagi á fráveitu frá fyrirhugaðri fiskeldisstöð.

Undirritaður sendir þetta erindi fyrir hönd Stolt Sea Farm S.A., sem, eins og fram kemur í hjálögðum gögnum, fyrirhugar að reisa fiskeldi fyrir Senegalflúru (*solea Senegalensis*) í landi HS Orku við Reykjanesvirkjun.

Undirritaður vísar í tölvupóst frá Sigurði Ingasyni hjá Umhverfisstofnun hinn 12. Ágúst, sjá hjálagt, þar sem hann leggur til að fyrirtækið sendi inn skriflegt erindi til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja vegna fyrirkomulags á frárennsli frá fiskeldisstöðinni. Hinn 10. júní síðast liðinn sendum við inn umsókn um starfsleyfi til Umhverfisstofnunarinnar. Til frekari glöggvunar á málinu, sendum við hjálagt þau gögn, er fylgdu þeirri umsókn.

Í greinagerð fyrirtæksins, sem gerð var fyrir Skipulagsstofnun og afhent hinn 12. apríl síðast liðinn, var skilgreint að frárennslisvatn fiskeldisins muni renna sjálfst inn í bunustokk Reykjanesvirkjunar HS Orku, þar sem það muni blandast við sjókælivatn virkjunarinnar. Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar hinn 18. maí síðast liðinn kemur fram að stofnunin telji ekki líklegt að eldið muni „hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum“, sbr hjálagt. Til glöggvunar er einnig lögð hér teikning, sem unnin var af VERKÍS, þar sem fram kemur, hvar frárennslið muni renna út í bunustokk HS Orku.

Ástæður fyrir því að fyrirtækið óskar eftir þessu fyrirkomulagi eru einkum þrennar:

1. Hitastig:

Hitastig frárennslisvatns í bunustokk HS Orku í dag nemur 50°C gráðum, þegar það fellur til sjávar. Með því að taka 2.000 sekúndulíttra af kælisjó frá virkjunni, mun hitastig þess vatns sem rennur frá virkjunni að frárennsli eldisins hækka upp í 75°C gráður frá þeim 50°C gráður, sem það er í dag. Með því að beina hins vegar frárennsli fiskeldisins í vatn með það hitastig, munu allir sýklar drepast, sem og hver sá fiskur, ef svo ólíklega vildi til að hann slyppi úr eldinu sjálfu. Einnig er mikilvægt að taka tillit til þess að frárennsli fiskeldisins mun kæla vatn bunustokks frá 50°C gráðum niður í 32 °C gráður. Kostir þessa fyrirkomulags eru því að okkar mati augljósir.

2. Útbýning:

Áhrif mengandi efna minnkar við útbýningu. Með það í huga, eru kostirnir við að blanda 4.000 sekúndulítrum af frárennslisvatni fiskeldisins við 1.200 sekúndulíttra af frárennslisvatni virkjunarinnar greinilegir. Verði af fyrirhugaðri stækkun Reykjanesvirkjunar á næstu árum, mun

magn frárennslis frá virkjuninni sjálfri aukast um 3.200 sekúndulítra, sem mun tryggja enn frekari útþynningu. Með því að auka vatnsmagn í bunustokki, eins og hér er gert ráð fyrir, mun rennsli vatnsins ná enn lengri út í sjó og þannig minnka áhrif á strandlengjuna.

3. Kostnaður:

Viðskiptalegar forsendur og rekstrarlegur ávinningur af fiskeldinu eru mjög háð upphaflegum kostnaði við framkvæmdir. Sú staðreynd að fyrirtækið geti notið góðs af núverandi bunustokk, þýðir sparnað upp á allt að 350 milljónum króna.

Eins og um er getið í umsögn Hafrannsóknunarstofnunar við áður nefndri greinagerð, sem fyrirtækið gerði fyrir Skipulagsstofnun, þá er vert að hafa í huga hvernig staðháttum er háttað við strandlengjuna, þar sem hún er bæði opin og mjög brimasöm. Á stundum skella öldur hátt yfir enda bunustokks og rennur þannig sjór langt inn í stokkinn sjálfan. Þetta hefur í för með sér mikla blöndun vatns og frekari hreinsun á efnum.

Þar sem bunustokkurinn endar í „T“ formi, eins og áður nefnt, brotna og leysast svifagnir enn hraðar og frekar upp, bæði vegna hraða vatnsins sem og eins vegna þess höggs, sem þær verða fyrir þegar þær skella á endavegg stokksins. Þetta þýðir að enn minni líkur eru á að svifagnir byggist upp á svæðinu.

Allt fiskeldi á landi gerir það kleift að hægt er að hafa náíð eftirlit með fóðri og fóðurleifum, sem þýðir að allt affall af svifögnum, fosfóri og köfunarefnissamböndum er lágmarkað. Þetta, auk hinnar miklu útþynningar, sem mun eiga sér stað og þeim staðháttum, þar sem útrennsli er, mun koma í veg fyrir uppbyggingu lífrænna leifa við ströndina.

Hjálagt er einnig umsögn dýralæknis fisksjúkdóma við greinagerð fyrirtæksins, en í henni er komið inn á þætti, sem benda á mikilvægi þess að frárennsli eldisins verði beint út í bunustokk Reykjanesvirkjunar.

Að ofan nefndum ástæðum og með tilliti til fenginna umsagna, vil ég fyrir hönd Stolt Sea Farm fara þess á leit við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja að fyrirhugað fiskeldi fyrirtækisins fái undanþágu frá því fyrirkomulagi sem getið er til um í grein 9.2. í reglugerð nr. 798/1999. Óska ég einnig eftir með tilliti til 9.7. greinar sömu reglugerðar að Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja veiti heimild til þess fyrirkomulags, sem fyrirtækið hefur gert grein fyrir í hjálögðum gögnum til Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllt,

Dr. Eyþór Eyjólfsson
Napval ehf
Kt 460803-2840
Arnarfalli
270 Mosfellsbæ

Hjálagt:

1. Umsókn um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar:
 - a. Fylgiskjal I „Tegund atvinnurekstrar og umfang hans“;
 - b. Fylgiskjal III „Lýsing á staðháttum við vinnslustað“;
 - c. Fylgiskjal IV „Upptalning á hráefnum og hjálparefnum“;
 - d. Fylgiskjal V „Lýsing á uppruna, eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar út í andrúmsloftið“
 - e. Fylgiskjal VI „Lýsing á mengunarvörnum sem valdar eru til að hindra eða draga úr losun“;
 - f. Fylgiskjal VII og VIII „Lýsing á áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun í umhverfið, lýsing á tilhöfum innra eftirlits vegna losunar í umhverfið“;
 - g. Fylgiskjal IX „Lýsing á ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs ásamt upplýsingum og lýsingu á ráðstöfunum um endurnýtingu úrgangs“;
 - h. Wastes Summary Iceland, Skretting (við Fylgiskjal V)
 - i. Ongrowing Feed for Senegal Sole, Coutteau et al (við Fylgiskjal VI)
 - j. Visuell dykkerinspeksjon av proessesutløpet til Stolt Sea Farm Kvinesdal Kommune 2010 (við Fylgiskjal VI)
 - k. Stolt Sea Farm Quality and Environment Policy
 - l. Fóðurnýting í flúrueldi Couso og Anglet (við Fylgiskjal VI)
2. Umsögn dýralæknis fisksjúkdóma vegna greinagerðar til Skipulagsstofnunar
3. Umsögn Hafrannsóknarstofnunar vegna greinagerðar til Skipulagsstofnunar
4. Skipulagsstofnun, tilkynning um niðurstöðu, 18 maí 2011
5. Heildarvatnsnotkun